

Reykjavík
08.01.2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Fell – Engjaholt L177478, Bláskógabyggð

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1492>

Fuglavernd mótmælir fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagsáætlun fyrir Fell – Engjaholt L177478 í Bláskógabyggð. Fyrirhugað er að á svæðinu verði reist stærðar hótél, baðlaugar og fjöldi gistihúsa og telur Fuglavernd að þessi starfsemi geti haft í för með sér veruleg neikvæð áhrif á ríkulegt fuglalíf svæðisins og þá landslagsheild sem svæðið er hluti af. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar á bökkum Tungufljóts en aðeins steinsnar frá, hinu megin fljótsins, er Pollengi, ríkulegt votlendissvæði með miklu fuglalífi. Syðri hluti Pollengis er friðlýstur vegna fuglalífs¹ og þó norðurhlutinn sem liggur beint á móti fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé það ekki þá er sá hluti á náttúruminjaskrá² og ekki síður mikilvægur fyrir fuglalíf svæðisins. Pollengi er auk þess eina friðlýsta votlendið í uppsveitum Árnessýslu og raunar eina svæðið sem friðlýst er vegna fuglalífs á mjög stóru svæði á Suðurlandi³.

Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á fjölda fuglategunda vegna þess hve stór hluti Evrópustofnsins nýtir sér landið til varps eða viðurværis⁴. Þetta á sérstaklega við um vaðfugla, s.s. heiðlóu, lóupræl, jaðrakan, spóa og stelk, en mörgum þessara tegunda hefur fækkað hratt á Suðurlandi á undanförunum árum⁵. Pollengi er mikilvægt búsvæði margra vaðfugla-, anda- og gæsategunda, auk álftar. Svæðið er til að mynda mikilvægur viðkomustaður blesgæsa á fartíma, en þær eru nú friðaðar vegna fækkunar, og jaðrakana á vorin. Í Pollengi er einnig möguleiki að finna flórgoða sem eru sárasjaldgæfir varpfuglar í uppsveitum Árnessýslu.⁶

Nýlegar rannsóknir hér á landi sýna glögglega neikvæð áhrif hinna ýmsu mannvirkja (s.s. sumarhúsa, vega og raflína) á þéttleika mófugla í nágrenni þeirra og ná áhrifin

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/pollengi-og-tunguey/>

² <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudurland/>

³ <https://kortasja.ust.is/mapview/?app=FRID>

⁴ <https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

⁵ <https://moi.hi.is/is/mofuglar> og

<https://www.facebook.com/photo?fbid=1058749826047571&set=pcb.1058756069380280&locale=is-IS>

⁶ <https://timarit.is/page/7373814?iabr=on#page/n15/mode/2up>

jafnvel nokkur hundruð metra frá mannvirkjunum sjálfum⁷. Fuglar eru auk þess mjög hreyfanlegir og ferðast gjarnan töluverðan veg til að uppfylla sýnar þarfir, s.s. fæðuöflun, og því má búast við að áhrifin af því að spilla jafn mikilvægu svæði fyrir fuglalíf og hér um ræðir nái langt út fyrir framkvæmdasvæðið sjálft. Það er því ljóst að fyrirhugaðar og umfangsmiklar framkvæmdir á bökkum Tungufljóts eru líklegar til að hafa verulega neikvæð áhrif á ríkulegt fuglalíf í nágrenninu, þar með talið í Pollengi sem er einstakt svæði á héraðs- og jafnvel landsvísu. Líta verður til þess að verulega hefur verið gengið á náttúruleg búsvæði fugla á Íslandi síðustu ár og áratugi, til að mynda með framræslu votlendis, uppbyggingu byggðar og sumarhúsa, vegagerð, landbúnaði og skógrækt, og á þetta ekki síst við á Suðurlandi. Hver og ein framkvæmd hefur kannski takmörkuð áhrif en samanlagt geta uppsöfnuð áhrif verið mjög neikvæð og umfangsmikil og því afar brýnt að standa vörð um þau náttúrulegu búsvæði sem eftir eru. Fuglavernd skorar því eindregið á hlutaðeigandi aðila að finna fyrirhugaðri ferðaþjónustu annan stað, fjær svo mikilvægu fuglasvæði.

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri

⁷ <https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/3293>